

## Fylgiskjal í samráðsgátt

### Megináherslur, markmið og mælikvarðar

1. Stuðlað verði að stefnumótun og lagasetningu sem hafi að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi gegn konum og stúlkum.

**Markmið:** Fleiri ríki og svæðisbundið samstarf fullgildi alþjóðasáttamála og stofnanir / einkaaðilar leggi áherslu á að hlíta, framfylgja og fjármagna lög, gagnreyndar stefnur og aðgerðaáætlanir sem hafa að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi gegn konum og stúlkum (í öllum þeirra fjölbreytileika).

**Viðmið /Mælikvarði:** Árið 2026 búi 550 milljónir fleiri konur í löndum þar sem til staðar er lagarammi sem banni hverskyns kynferðisofbeldi gegn konum og stúlkum.

2. Stuðlað verði að samþykkt og framkvæmd gagnreyndra aðgerðaáætlana um forvarnir með það að markmiði að uppræta kynbundið ofbeldi gegn konum og stúlkum.

**Markmið:** Í samstarfi hins opinbera, einkageirans og samtaka kvennahreyfingarinnar verði stuðlað að stefnumótun og fjármögnum gagnreyndra fyrirbyggjandi aðgerða og skipulagðra forvarna gegn kynbundnu ofbeldi gegn konum og stúlkum. Markmiðið er að vinna gegn útbreiðslu kynferðisofbeldis gegn konum og stúlkum á öllum sviðum samfélagsins og í mannúðaraðstoð.

**Viðmið /Mælikvarði:** Árið 2026 hafi helmingi fleiri ríki samþykkt eina eða fleiri forvarnaráætlanir gegn hverskyns kynferðisofbeldi gegn konum og stúlkum.

3. Stuðlað verði að bættum aðgangi þolenda kynbundins ofbeldis að hvers kyns þjónustu aðila sem hafi burði til að sinna hlutverki sínu.

**Markmið:** Stuðla að fjármögnun og bættum aðgangi þolenda kynferðisofbeldis að samræmdri þjónustu fyrir þolendur kynferðisofbeldis.

**Viðmið /Mælikvarði:** Að fleiri konur og stúlkur búi árið 2026 í löndum sem samþykkt hafi þverlægar aðgerðaáætlanir um ráðstafanir þjónustu lögreglu, réttarfarskerfis og á sviði heilbrigðis- og félagsmála.

4. Samtökum kvennahreyfingarinnar verði gert kleift að halda úti starfsemi og hafa áhrif á stefnumótun sem varðar kynbundið ofbeldi gegn konum og stúlkum.

**Markmið:** Auka stuðning og aðstoð hins opinbera og einkageirans við samtök kvennahreyfingarinnar sem vinna að því að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum.

**Viðmið /Mælikvarði:** Að stuðningur við samtök kvennahreyfingarinnar sem vinna að því að uppræta kynbundið ofbeldi gegn konum og stúlkum verði aukin um 50% á alþjóðavísu.